



Ungir
Umhverfissinnar



GREENPEACE



LANDVERND



Bann við djúpsjávarnámuvinnslu: Íslensk yfirvöld verði leiðandi í verndun hafsvæða og jöfnuði á heimsvísu árið 2025

Kristrún Frostadóttir, forsætisráðherra
Jóhann Páll Jóhannsson, umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra
Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, utanríkisráðherra
Hanna Katrín Friðriksson, atvinnuvegaráðherra

10. febrúar 2025

Virðulegu ráðherrar,

Undirrituð samtök, sem eiga það sameiginlegt að vinna að verndun hafsins og eflingu sjálfbærrar hafstjórnunar, vilja hér með óska ykkur velfarnaðar í nýjum störfum.

Árið 2025 gæti Ísland lagt sitt af mörkum við að tryggja stórsigur fyrir náttúru og fólk víða um heim með því **að styðja alþjóðlegt bann við djúpsjávarnámuvinnslu. Ísland á allt sitt undir heilbrigðu hafi.**

Djúpsævin, sá hluti hafsvæðanna sem er dýpri en 200 m, eru með viðkvæmari vistkerfum jarðar. Þekking á þeim er lítil en þó er vitað að þau hafa að geyma einstaka fjölbreytni lífvera, erfðaaauðlind og mikilvæga vistfræðilega ferla líkt og mildun á loftslagi - allt ofantalið á ekki síst við um svæðin í kring um Ísland. Þrátt fyrir þetta standa djúpsævin frammi fyrir fordæmalausri ógn vegna fyrirhugaðrar námuvinnslu á hafsbotni. Vísindafólk víðsvegar að hefur varað við mögulega óafturkræfum skaða sem djúpsjávarnámuvinnsla kann að valda

verði stórtæk áformin að veruleika. Þar má nefna búsvæðatap, tap á líffræðilegum fjölbreytileika og rof á flóknum vistfræðilegum ferlum. Áhrif námuvinnsunnar munu ná út fyrir vistkerfi hafsins og ógna tilvist þorpa á strandsvæðum og heilbrigði Jarðar í heild. Hafsbotninn á djúpsævi er lögum samkvæmt sameign alls mannkyns, en fyrirhuguð námuvinnslan myndi einvörðungu bæta hag örfárna. Það er því bæði lagaleg og siðferðisleg skylda okkar að standa vörð um djúpsævin, bæði fyrir okkur sjálf og kynslóðirnar sem á eftir okkur koma.

Þekking á [mikilvægum vistkerfisþjónustum sem djúpsævin veita](#) eykst með hverjum degi. Vísindafolk telur þó að það gæti tekið [marga áratugi þar til þekkingin á djúpsævi er orðin nægjanleg](#) til að taka **upplýstar ákvarðanir** varðandi framtíð þessara svæða m.t.t. námuvinnslu. Þrátt fyrir allstór þekkingarbil gæti námuvinnsla á iðnaðarskala fengið grænt ljós frá Alþjóðahafbotnsstofnuninni (e. International Seabed Authority, ISA), strax á þessu ári. Fyrirtæki sem huga að námuvinnslu á hafsbotni hafa þegar [tilkynnt áætlanir sínar um að senda inn umsókn til námuvinnslu í atvinnuskyni](#) með áætlaðan upphafstíma í júní 2025. Það er óásættanlegt að viðskiptaaðilar skuli reyna að nýta sér skort á regluverki til að knýja stjórnvöld til að samþykkja umdeildan og skaðlegan iðnað.

Djúpsjávarnámuvinnsla er í auknu mæli talinn til **eitrefnaiðnaðar** sem hefur í för með sér umtalsverðar **fjárhagslegar áhættur** fyrir alla sem að honum koma. Vegna þessa hafa [stjórnvöld 32 ríkja](#), m.a. **14 ríki innan Evrópu¹**, kallað eftir **stöðvun, hléi eða banni við djúpsjávarnámuvinnslu** á alþjóðlegum hafsvæðum. Fleiri hafa lýst yfir stuðningi við tímabundið hlé eða bann við djúpsjávarnámuvinnslu, þ.á.m. [Mannréttindastofnun Sameinuðu þjóðanna](#), stórar [fjármálastofnanir](#), [alþjóðleg fyrirtæki](#) líkt og Google, BMW og Samsung, yfir 900 [vísindamenn](#) og [aðilar í sjávarútvegi](#). Að auki kallaði [Norræna ráðherranefndin](#) eftir því að Norðurlöndin styddu við bannið þann 31. október síðastlinn en **ályktunin skyldar Íslensk yfirvöld til að gefa ráðinu skýrslu um áætlanir sínar vegna tillögunnar.**

Árið 2025 markar mikilvæg tímamót fyrir hafið. Við erum hálfnuð með áratug Sameinuðu þjóðanna um hafvísindi. Árið 2025 er ár stórra pólitískra viðburða líkt og þriðju ráðstefnu Sameinuðu þjóðanna um hafið sem haldin verður í júní. Árið 2025 verður einnig mikilvægt þegar kemur að ákvarðanatöku um mögulega framtíð djúpsjávarnámuvinnslu í Kingston í Jamaíku. Í ljósi alþjóðlegra skuldbindinga líkt og **hafréttarsamning Sameinuðu þjóðanna (BBNJ Agreement)** og **stefnu Sameinuðu þjóðanna um líffræðilega fjölbreytni** (Kunming-Montreal Global Biodiversity Framework) er mikilvægt að við tryggjum vernd hafsvæða, en djúpsjávarnámuvinnsla gengur þvert á öll þau markmið og skuldbindingar. Hlé á eða bann við djúpsjávarnámuvinnslu er eitt mikilvægasta skrefið sem við getum tekið í dag til að standa vörð um mikilvæg vistkerfi sjávar og sjá til þess að skuldbindingum Íslands verði mætt. Við hvetjum íslensk stjórnvöld því til að lýsa yfir stuðningi sínum við **hléi eða banni** við djúpsjávarnámuvinnslu. Rödd Íslendinga er gríðarlega mikilvæg er kemur að málefnum hafsins, sem og í baráttunni fyrir jöfnuði, mannréttindum og heilnæmu umhverfi fram yfir ósjálfbæra nýtingu.

Að þessu sögðu óskum við eftir fundi til að ræða þessi mál frekar hvort sem það er í eigin persónu eða á netinu. Stuðningur og skuldbinding ykkar er mikils virði og hlökkum við til tækifæris til að vinna saman að vernd hafsins.

Með kveðju og þökkum,

Simon Holmström, Deep-Sea Mining Policy Officer, Seas At Risk

Sofia Tsenikli, f.h. Global Lead DSM Moratorium Campaign, Deep Sea Conservation Coalition

Jessica Battle, Global Lead No Deep Seabed Mining Initiative, WWF International

Louisa Casson, Global Project Lead, Greenpeace International

Sæunn Júlía Sigurjónsdóttir, f.h. Sustainable Ocean Alliance Iceland

Sigrún Perla Gísladóttir f.h. Ungra umhverfissinna

Belén G. Ovide f.h. Ocean Missions, Húsavík.

Huld Hafliðadóttir f.h. Samtaka um verndun í og við Skjálfanda

Micah Garen f.h. Last Whaling Station

Þorgerður María Þorbjarnardóttir f.h. Landverndar

Árni Finnsson f.h. Náttúruverndarsamtaka Íslands